



514. fundur stjórnar SASS
haldinn að Austurvegi 56 á Selfossi
föstudaginn 25. nóvember 2016, kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson. Sæmundur Helgason og Páll Marvin Jónsson tengdust fundinum með fjarfundabúnaði. Lilja Einarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir og Eva Björk Harðardóttir forfölluðust og í þeirra stað komu Ágúst Sigurðsson, Helgi Kjartansson og Elín Einarsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fundi stjórnar.

1. Fundargerð

Fundargerð 513. fundar undirrituð.

2. Menntaverðlaun Suðurlands 2016

Stjórn SASS samþykkir að skipa eftirtalda aðila í samstarfshóp um úthlutun Menntaverðlauna Suðurlands 2016: Sigurð Sigursveinsson og Elínu Einarsdóttur. Til vara er Sæmundur Helgason. Guðlaug Svansdóttir, ráðgjafi hjá HfSu, er hópnum til aðstoðar.

3. Laun stjórnar

Formaður kynnti málið og lagði til við stjórn að þóknarir sem SASS greiðir til stjórnar, fulltrúa í ráðum og nefndum á vegum samtakanna hækki ekki, til samræmis við síðustu ákvörðun kjararáðs frá 29. október sl., þrátt fyrir ákvörðun nýliðins ársþings SASS um að laun fylgdu þingfarakaupi. Þess í stað skulu laun áfram taka mið af fyrri ákvörðun kjararáðs og skal það gilda þar til Alþingi hefur tekið málið til umfjöllunar. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Almenningsamgöngur – tillaga að gjaldskrárbreytingu

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu minnisblað frá Strætó en í því eru kynntir þrír valkostir sem allir fela í sér einföldun á núverandi gjaldskrá. Lagt er til að valkostir tvö og þrjú verði fyrir valinu en það hefur í för með sér að boðið verði upp á tvö fargjöld, fullt fargjald og um 40% fargjald sem gildi fyrir börn, ungmenni, aldraða og öryrkja en að auki verði boðið upp á frístundakort fyrir börn og ungmenni innan ákveðinna svæða.

Gert er ráð fyrir breytingin taki gildi um komandi áramót en forsenda þess er að greiðsluapp Strætó fyrir snjallsíma verði gert virkt í landsbyggðarstrætó. Stjórn SASS samþykkir blöndu af valmöguleika tvö og þrjú og leggur áherslu á að samhlíða breytingunni verði greiðsluappið gert notendum aðgengilegt.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram og kynna niðurstöðuna fyrir öðrum landshlutasamtökum.

5. Ársþing SASS 2017 og 2018 – staður og dagsetning

Samþykkt er að halda ársþing SASS dagana 19. - 20. október 2017 á Selfossi. Halda aukaaðalfund SASS 27. - 28. júní 2018 í Vestmannaeyjum. Jafnframt var samþykkt að halda ársþing SASS dagana 18. – 19. október 2018 í uppsveitum. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning.

6. Skipan í starfs- og vinnuhópa

a) Sameiginlega lögreglusamþykkt á Suðurlandi

Á nýliðnu ársþingi var samþykkt að stjórn SASS skipi starfshóp til að vinna að gerð sameiginlegrar lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélög á Suðurlandi, utan Vestmannaeyja, sem lögð verði fyrir stjórn SASS og síðan send sveitarfélögum á starfssvæði SASS til afgreiðslu.

Stjórn SASS samþykkir að skipa eftirtalda aðila í starfshópinn: Ástu Stefánsdóttur, Ágúst Sigurðsson og Björn Inga Jónsson.

b) Kortavefur Suðurlands

Á ársþinginu var samþykkt að stjórn skipi vinnuhóp um Kortavef Suðurlands og að vinnuhópnum verði falið að vinna að eftirfarandi tillögum áfram sem nýttast sem:

- grunnur að frekari samvinnu sveitarfélaga í skráningu gagna, m.a. í umhverfis- og skipulagsmálum og í skráningu mikilvægra grunnauðlinda á Suðurlandi, s.s. vatns, orku og efnis
- tenging við yfirstandandi átaksverkefni SASS í markaðsgreiningu Suðurlands sem er eitt af áhersliverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands 2015-2019
- bætt aðgengi að sameiginlegum upplýsingum á Suðurlandi án sveitarfélaga- og sýslumarka
- gögn við endurskoðun Sóknaráætlunar Suðurlands

Stjórn SASS samþykkir að skipa eftirtalda aðila í vinnuhópinn: Dagnýju Jóhannsdóttur, Pétur Inga Haraldsson, Árdísi Ernu Halldórsdóttur og Sigurð Smára Benónýsson. Guðlaug Svansdóttir, ráðgjafi hjá HfSu, er hópnun til aðstoðar.

c) Ungmennaráð Suðurlands

Á ársþinginu var samþykkt að fela stjórn SASS nánari útfærsla samstarfsins í samráði við ungmennaráð sveitarfélaganna.

Ákvæði til bráðabirgða: Á meðan ekki eru starfandi ungmennaráð í öllum sveitarfélögum á starfssvæði SASS, tilnefna sveitarfélögin fulltrúa úr hópi ungmenna á aldrinum 14-25 ára.

Stjórn SASS samþykkir að skipa eftirtalda aðila í samráðshópinn: Gunnar E. Sigurbjörnsson, Sigdís Erlu Ragnarsdóttur, Hildi Sólveigu Sigurðardóttur,

Ragnar Óskarsson og Sæmund Helgason. Guðlaug Svansdóttir, ráðgjafi hjá HfSu, er hópnum til aðstoðar.

d) *Tekjuöflun og –skiptingu sveitarfélaga af ferðaþjónustu*

Á ársþinginu var samþykkt að stjórn SASS skipi starfshóp með breiðri aðkomu sveitarfélaga innan svæðisins til þess að vinna að tillögum um tekjuöflun og tekjuskiptingu af ferðamönnum. Starfshópurinn skal skila skýrslu um málefnið sem verði notuð sem grunnurinn að málþingi.

Stjórn SASS samþykkir að skipa eftirtalda aðila í starfshópinn: Ásborgu Arnþórsdóttur og Páll Marvin Jónsson. Þorsteinn Hilmarsson, ráðgjafi hjá Markaðsstofu Suðurlands, er hópnum til aðstoðar.

e) *Skipan verkefnastjórnar Sóknaráætlunar Suðurlands*

Fjallað var um skipan fimm manna verkefnastjórnar Sóknaráætlunar, sem einnig er úthlutunarnefnd, en skipunartíminn er til ársloka 2017. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu

a) ART verkefnið

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins. Stjórn SASS áréttar nauðsyn þess að félags- og húsnæðismálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

b) Sóknaráætlun Suðurlands

Formaður verkefnisstjórnar Sóknaráætlunar kynnti niðurstöðu af fundi verkefnastjórnar sem leggur til við stjórn að eftirfarandi fjögur áhersluverkefni, að fjárhæð 16,4 m.kr., verði staðfest:

Úrvinnsla og markaðssetning skógarafurða	6,0
Plastpokalaust Suðurland	3,4
Nýsköpunarnám - námsleið fyrir grunn- og framhaldsskóla á Suðurl.	5,0
<u>Samræming markaðsaðgerða fyrir Suðurland</u>	<u>2,0</u>
Samtals í m.kr.	16,4

Stjórn staðfesti ofangreind fjögur áhersluverkefni. Áður samþ. verkefni eru:

<i>Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi)</i>	3,0
<i>Atlas kortagerð</i>	4,0
<i>Framtíð háskólamenntunar á Suðurlandi - málþing</i>	0,75
<i>Markaðsgreining Suðurlands - 2. áfangi</i>	2,25
<i>Starfamesa 2017</i>	6,0
<i>Ráðstefna ungmennaráða á Suðurl. - gerð kynningarefnis/handb.</i>	1,0
<i>Greining á fjarnámsþörf á Suðurlandi</i>	3,0
<i>Sunnlenskar vörur - sameiginleg markaðssetning</i>	2,0
<i>Strætó - markaðsgreining og kynning</i>	2,0
<i>Svæðisleiðsögn á Suðurlandi</i>	1,5
<i>Atvinnuskapandi nemendaverkefni</i>	4,0
<u><i>Suðurland - sjálfbært samfélag</i></u>	<u>0,5</u>
Samtals í m.kr.	30,0



Samtals hefur stjórn áður staðfest tólf áhersluverkefni að fjárhæð 30 m.kr. Alls er því á árinu búið að staðfesta 16 áhersluverkefni að fjárhæð 46,4 m.kr.

c) Suðurlandsnefnd – Frá Markarfljóti að Öræfum

Hópurinn hefur skilað af sér skýrslu er varðar svæðið frá Markarfljóti að Öræfum. Í skýrslunni eru tilgreindar tillögur sem eru til þess fallnar að efla byggð og atvinnuvegi á svæðinu með sérstakri áherslu á grunnþjónustu og vaxtagreinar atvinnulífsins. Stjórn SASS hvetur til að áformum sem fram koma í skýrslunni verði sem fyrst hrundið í framkvæmd.

d) Kynning á firmamerki SASS

Framkvæmdastjóri kynnti drög að breytingum á firmamerki SASS.

e) Sveitarstjórnarvettvangur EFTA

Formaður fór yfir fund sem haldinn var á sveitarstjórnarvettvangi EFTA 14. og 15. nóvember sl. í Brussel en hann var meðal kjörinna fulltrúa sveitarstjórna sem sóttu fundinn. Nánari upplýsingar um fundinn má finna á slóðinni: <http://www.efta.int/EEA/news/EEA-EFTA-Forum-adopts-opinion-education-499966>.

Næsti fundur verður haldinn að Austurvegi 56 föstudaginn 16. desember nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:30.

Gunnar Þorgeirsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Eggert Valur Guðmundsson
Anna Björg Níelsdóttir
Helgi Kjartansson
Páll Marvin Jónsson
Ágúst Sigurðsson
Bjarni Guðmundsson